



Endurskoðunarfyrirtækið EY er hluti af alþjóðlegri samsteypu. Margrét Pétursdóttir segir að mikil gróska sé í faginu sem taki síföldum breytingum í hröðum takti atvinnulífs.

Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Afslappað án afsláttar af gæðum

Pó mýtan um ferhyrningslaga endurskoðandann lífi góðu lífi þá er margt spennandi að gerast innan geirans eins og Margrét Pétursdóttir, forstjóri EY, skýrir frá.

Hún segir að þegar farið er aftur í tímann komi í ljós að mat á fyrirtækjum hafi breyst mikið á síðari tímum. Áður fyrir hafi verðmæti að mestu leyti endurspeglast í eignum á efna-hagsreikningi í formi fastafjármuna, en sú þróun hafi átt sér stað að óefnislegar eignir líkt og þekking og mannaúdur taki þar auknið rými.

Á sama tíma hafi átt sér stað hugartarsbreyting á grundvallarspurningum um tilgang félaga. Því hafði alltaf verið auðsvarað: að skapa hluthöfum sínum arð.

Í dag segir Margrét að fókusið sé ekki lengur eingöngu á hluthafann (e. shareholder), heldur einnig á öðrum sem kunna að hafa beina eða óbeina hagsmuni af starfsemi og tilvist félags (e. stakeholders).

Með aukinni áherslu á það siðarnefnda verði félög og fyrirtæki að aðlaga sig að þörfum og væntingum fleiri en þröngs hóps hluthafa og viðskiptavina. Kröfur samtímans horfi mun víðar, t.d. á samfélagslega ábyrgð og umgengni við náttúruna. Þessa nýju, stærri og óefnislegri mynd þarf að verðmeta og endurskoða og „EY er allt í þessu,“ segir Margrét.

Endurskoðun og nýsköpun

Sem dæmi um ný og spennandi verkefni nefnir Margrét að EY sé í samvinnu Meniga sem hafi hannað hugbúnað sem gerir notendum sínum kleift að meta kolefnisspor sitt út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir um persónuleg fjáruhlát. Notandinn getur svo nýtt upplýsingarnar til að kolefnisjafna eða draga úr eigin fótspori.

„Þetta er ótrúlega spennandi verkefni,“ segir Margrét og gott dæmi um fyrirtæki sem skapar verðmæti á grundvallinn umhverfisvítundar. En slík nýjung er ekki án áskorunar, því spurningin sé hvernig skuli lýsa slíkum verðmætum og hvernig í dag votta að upplýsingarnar sem koma úr kerfinu séu réttar?

Par kemur EY til sögunnar og nýtir þá þekkingu sem er til innan samstæðunnar, bæði hvað varðar staðla og aðferðafræði. Þannig má segja að EY sem endurskoðunarfyrirtæki sé orðið



Skrifstofur EY eru í Borgartúni. Hjá fyrirtækinu starfa um 70 manns með fjölbreytta reynslu.

321. sæti

EY

Meðalstórt 113. sæti

Margrét Pétursdóttir

þátttakandi í nýsköpun, þ.e. með því að þróa aðferðir endurskoðunar til þess að meta verðmæti og votta ferla á sviði sem enn er ungt og í stöðugri þróun. Margrét bendir á að margir stórir aðilar, t.d. lífeyrissjóðir, leggi aukna áherslu á gildi eins og sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar og þurfi því áreiðanlegar upplýsingar til að styðjast við í sinni starfsemi.

Huga út fyrir boxið

Í framhaldi af þessum hlugleiðingum segir Margrét að eðli endurskoðunar sé að breytast. Í grunninn hafi hún snúist um að staðfesta sögulegar fjárhagslegar upplýsingar um viðkomandi félag, en í dag sé það ekki nóg og fyrir því sé minni áhugi, einfaldlega þar sem gildi

slíkra upplýsinga hafi minna vægi. Á tíma sem einkennist af hraða og örum breytingum hafi upplýsingar úr ársreikningi ekki sama spágildi um framtíð félags eins og það áður hafði.

Lagalegar kröfur um hefðbundin reikningskil séu og verði til staðar, en þess utan verði að finna ramma til sögunnar og ákall sé um samræmingu á því sviði. En slíkar upplýsingar verða að hafa gildi og ekki vera of fröðukenndar, segir Margrét og því þurfi stöðugt að horfa út fyrir boxið til þess að miðla slíkum upplýsingum á gagnlegan hátt til þeirra sem þurfa á þeim að halda.

Frjálslæg í faldri

Spurð um áhrif faldarsins á rekstur EY segir Margrét að endurskoðun sé í eðli sínu þannig að ef varúðar er gætt í rekstri sé auðvelt að aðlagast sveiflum með því að draga saman seglin. Þörf fyrir endurskoðun sé til staðar á öllum tímum en þó í mismiklum mæli.

Hún segist ekki fara varhluta af því að margir rekstraraðilar eigi í erflileikum og EY þurfi að sigla milli skers og báru í því að laga reksturinn

á því ástandi: standa með rótgrónum viðskiptavinum, en jafnframt reyna að tryggja afkomu sína. Einnig segir Margrét það áskorun að afla nýrra verkefna í núverandi umhverfi, en EY hafi hingað til ekki þurft að grípa til verulegs samdráttar eða uppsagna.

„Það eru allir að aðlagast og gera sitt besta,“ segir Margrét og mesta breytingin sé kannski sú að geta ekki hitt viðskiptavini sína, sem annars er snar þáttur í starfi endurskoðenda. Hún segist merkja auknið umbráðarlyndi hjá fólki, þar sem fullkonnunaráráttan hefur vikið fyrir afslappaðra umhverfi. Nú vinni fólk aukna fjárvinnu þar sem heimili renni saman við vinnuna og enginn kippi sér upp við geltandi hund eða grátandi barn á netfundi með viðskiptavini eða vinnufélaga.

Enginn afsláttur af gæðum

Spurð um fyrirtækjamenningu EY segir Margrét að eitt einkennið sé mikil samþætting, sem birtist í því að samtal milli deilda og innan samsteypunnar sé mikið og auðvelt sé að nálgast upplýsingar og aðila þar á milli.

Teymisvinnu segir hún mikla og áherslu á að allir hafi rödd og tilvist. „Hér tala allir saman og enginn er merkleigri en aðrir,“ segir Margrét og segir að andrúmsloftið innan EY einkennist af ákveðnum léttleika. Sem dæmi nefnir hún að forstjóri samsteypunnar í Ameríku birtist gjarnan í mistlitum sokkum á netfundum.

Hún segir þetta enga tilviljun, heldur hluta af innri stefnumótum félagsins sem leggur m.a. áherslu á að betri einstaklingur skapi betri heild (better me, better us).

En hvernig skyldu þessar andstæður, þ.e. ímyndin um hinn formfasta endurskoðanda og frjálslægri útgáfu hans, mætast? Margrét er fljót til svara og segir: „Það þýðir á engan hátt afslátt af gæðum, sem eru í algerum forgrunni.“ Til frekari útskýringar bendir hún á að báðar útgáfurnar geri mistök sem séu óumflýjanlegur hluti af starfinu. Spurningin sé frekar hvernig lært sé af þeim og hvernig kröfurnar til starfsmanna eru settar fram. „Á að lita á starfsfólk sem vélmenni eða breyskar verur?“ spyr Margrét og bendir á að taugatrekkjandi umhverfi geti ýtt undir mistök í starfi og þjóni þar með ekki tilgangi sínum.

sighvaturb@mbl.is